



Íslandssjóðir

Síðan 1994

Ársreikningur 2025



A-hluti

Ársreikningur Íslandssjóða hf.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	7
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Skýringar	12
Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð	21

B-hluti

Ársreikningur verðbréfasjóða

Samandreginn ársreikningur verðbréfasjóða	28
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	29
Efnahagsreikningur	30
IS Veltusafn	32
IS Ríkisskuldabréf stutt	39
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	45
IS Ríkisskuldabréf löng	51
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	56
IS Heimssafn	62
IS Eignasafn	68
IS Eignasafn - Ríki og sjóðir	76

Ársreikningur sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta

Samandreginn ársreikningur sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta	82
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	83
Efnahagsreikningur	85
IS Lausafjár safn	88
IS Skuldabréfasafn	94
IS Ríkisskuldabréf óverðtryggð	100
IS Sértryggð skuldabréf	105
IS Sértryggð skuldabréf VTR	111
IS Græn skuldabréf	116
IS Vaxtastefna	121
IS Hlutabréfasjóðurinn	127
IS EQUUS Hlutabréf	134
IS Einkasafn A	141
IS Einkasafn B	148
IS Einkasafn C	156
IS Einkasafn D	164
IS Einkasafn E	172
IS Einkasafn Erlent	180
Reglubundin upplýsingagjöf í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta (óendurskoðuð)	185

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hf. er sérhæft félag á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða og sinnir auk þess stjórnun tiltekinna eignastýringarsafna. Íslandssjóðir starfa á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Íslandssjóðir hf. er elsta sjóðastýringarfyrtæki landsins stofnað árið 1994. Félagið er dótturfélag og hluti af samstæðu Íslandsbanka hf. sem á 99,7% hlutfjár í félaginu en Miðengi ehf., félag í eigu Íslandsbanka hf., á 0,3% hlutfjár og er eignarhald óbreytt frá ársbyrjun.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta sem eru í rekstri félagsins. Þessi framsetning er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem settar eru fram af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Starfsemin á árinu

Eignir í stýringu Íslandssjóða hf. í árslok 2025 námu 387 milljörðum króna. Í lok ársins voru 23 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 202 milljörðum króna. Þar af eru 8 verðbréfasjóðir með hreina eign að fjárhæð 62 milljarða króna og 15 sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta með hreina eign að fjárhæð 140 milljarða króna. Afkoma sjóðanna var jákvæð á árinu sem nemur 8,1 milljörðum króna á árinu 2025. Um tólf þúsund fjárfestar eiga hlutdeildarskírteini í sjóðum Íslandssjóða hf.

Rekstur Íslandssjóða hf. var stöðugur á árinu og nam hagnaður af rekstri félagsins 262 milljónum króna samanborið við 433 milljónir á árinu 2024. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok nam eigið fé félagsins 1.744 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall félagsins var 34,1% en lögbundið lágmark er 8%. Á árinu var greiddur út arður til hluthafa að fjárhæð 433 milljónum króna. Stjórn Íslandssjóða hf. leggur til að á árinu 2026 verði greiddur arður að fjárhæð 262 milljónum króna sem samsvarar hagnaði ársins 2025. Á árinu 2025 störfuðu að meðaltali 23 starfsmenn hjá Íslandssjóðum hf. auk stjórnarmanna og aðila sem sitja í ráðum sérhæfðra sjóða í stýringu Íslandssjóða hf. Heildarlaunakostnaður félagsins nam 820 milljónum króna.

Öfjárhagsleg upplýsingagjöf

Íslandssjóðir hf. gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki í efnahagslífinu með rekstri verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða sem taka við fé frá almenningi, fyrtækjum og fagfjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar. Eitt af markmiðum Íslandssjóða hf. er að sinna fjárfestingum með ábyrgum hætti og sýna frumkvæði þegar kemur að umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS). Íslandssjóðir hafa fylgt aðferðum ábyrga fjárfestinga í eignastýringu frá árinu 2019. Er þar fylgt aðferðafræði sem erlendir samstarfsaðilar félagsins hafa þróað og beitt með góðum árangri undanfarna áratugi. Eignastýringarteymi félagsins notast meðal annars við athugunarlista í erlendum fjárfestingum og hefur sett sér markmið um að lágmarka hlutfall eigna sem eru á listanum en þetta hlutfall hefur farið ört lækkandi. Í stefnu félagsins um ábyrgar fjárfestingar er m.a. fjallað um áherslur og markmið Íslandssjóða hf. í tengslum við fjárfestingarákvarðanir og áhættuþætti vegna umhverfismála, samfélagsmála, mannréttindamála og spillingar- og mútumála. Í samræmi við stefnuna birta Íslandssjóðir hf. á heimasíðu sinni framvinduskýrslu vegna meginreglna PRI (Principles for Responsible Investment), hvernig meðferð atkvæða er háttað á aðalfundum auk athugunarlista í erlendum hlutabréfum og erlendum skuldabréfum.

Íslandssjóðir hf. er stofnaðili og meðlimur Samtaka um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi, IcelandSIF. Tilgangur samtakanna er að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um aðferðafræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga. Nánari upplýsingar um samtökin er að finna á heimasíðu samtakanna, www.icelandsif.is.

Á grundvelli laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, sem innleiða tvær reglugerðir Evrópuþingsins þ.e. reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) og reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu (flokkunarreglugerðin eða EU Taxonomy), er Íslandssjóður hf. skylt að uppfylla tilteknar gagnsæiskröfur. Meðal annars með hvaða hætti áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanatökuferli, hvort tillit sé tekið til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti og hvernig áhætta tengd sjálfbærni fléttast inn í starfskjarastefnu.

Þá er upplýsingagjöf um sjóði í rekstri Íslandssjóða hf. skipt í þrjá flokka samkvæmt SFDR reglugerðinni, eftir því hvort ekki sé sérstaklega horft til áhættu tengdri sjálfbærni (6. gr.), umhverfislegir eða félagslegir þættir séu eflDIR (8. gr.) og loks hvort sjálfbær fjárfesting sé höfð að markmiði (9. gr.). Þeirri mismunandi upplýsingagjöf sem fylgir sérhverjum sjóði samkvæmt framangreindri flokkun er ætlað að hjálpa fjárfestum að taka upplýstar ákvarðanir. Upplýsingagjöfin er því aðgengileg í útboðslýsingu sem og í ársreikningi. Íslandssjóðir hf. reka að svo stöddu einn sjóð, IS Græn skuldabréf, sem er flokkaður sem 8. gr. sjóður. Aðrir sjóðir eru flokkaðir sem 6. gr. sjóðir. Nánari upplýsingar um framangreint eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins og í útboðslýsingu viðkomandi sjóða.

Íslandssjóðir hf. hafa undanfarin ár unnið að sjálfbærniuppgjöri út frá starfsemi félagsins og eru helstu niðurstöðurnar birtar árlega á heimasíðu félagsins. Einnig birtir félagið áhrifaskýrslu fyrir IS Græn skuldabréf þar sem mæld eru áhrif fjárfestinga sjóðsins á losun gróðurhúsalofttegunda. Félagið hefur frá árinu 2022 birt upplýsingar um fjármagnaða losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóðum í rekstri félagsins samkvæmt PCAF-aðferðafræði.

Íslandssjóðir hf. leggja áherslu á jafnrétti og fjölbreytileika í starfsemi sinni. Starfskjarastefna félagsins leggur áherslu á að fyllsta jafnréttis sé gætt á milli kynja við launaákvæðanir auk þess sem félagið leitast við að tryggja að sem jafnast kynjahlutfall sé á meðal starfsmanna félagsins. Íslandssjóðir hf. hafa samið við mannauðssvið Íslandsbanka hf. um að sinna mannauðsmálum. Íslandssjóðir hf. fylgja stefnu samstæðunnar og aðgerðaráætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi. Árangur er mældur árlega með vinnustaðagreiningu.

Íslandssjóðir hf. hlutu árið 2025 viðurkenningu frá Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki auk þess að vera valið fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri af Viðskiptablaðinu og Keldunni.

Þróun á helstu mörkuðum á árinu

Seðlabankinn lækkaði vexti í þrígang á fyrri árshelmingi og í eitt skipti á seinni árshelmingi og enduðu stýrivextir í 7,25%. Verðbólgan var á nokkuð þröngu bili á árinu og fór úr 4,8% í upphafi árs í 4,5% í lok árs. Hjöðnunin var heldur minni og hægari en markaðsaðilar höfðu vænst í upphafi árs enda var þróttur í hagkerfinu meiri en búist var við.

Þrátt fyrir hátt raunvaxtastig var enn góður gangur í hagkerfinu framan af ári, og munaði þar miklu um að sumarið kom betur út í ferðaþjónustu en óttast var. Á síðari helmingi ársins voru fréttir af erfiðleikum fyrir útflutningsgreinar ársins áberandi, s.s. fall flugfélagsins PLAY hf., rekstrarstöðvun Norðurláls, óvissa um framtíð kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka og hærri álögur á sjávarútveginn. Hátt afurðaverð vó þó á móti.

Fjöldi lausra starfa dróst saman á árinu og atvinnuleysi hækkaði úr 3,8% í lok síðasta árs í 4,4% í desember 2025. Fjöldi íbúða á sölu jókst stöðugt á árinu vegna hægari á sölu í kjölfar þess að lánaframboð breyttist hjá viðskiptabönkunum.

Stutt og millilöng óverðtryggð skuldabréf lækkuðu í kröfu samhliða stýrivaxtalækkunum en ávöxtunarkrafa langra skuldabréfa stóð í stað á árinu.

Allir skuldabréfasjóðir Íslandssjóða hf. skiluðu jákvæðri raunávöxtun á árinu og var nafnávöxtun á bilinu 5,8% til 8,8%, þar sem IS Ríkisskuldabréf löng var með lægstu ávöxtun en IS Skuldabréfasafn hæstu ávöxtunina.

Ávöxtun á innlenda hlutabréfamarkaðnum var misskipt á árinu 2025 þar sem 15 af 27 félögum skiluðu jákvæðri ávöxtun og nokkur hluti þeirra aðeins lítillega jákvæðri ávöxtun. Úrvalsvísitalan með arði (OMX15GI) hækkaði um 0,4% en vísitala heildarmarkaðar með arði (OMXIGI) lækkaði hins vegar um -5,9%. Árið var sveiflukennt þar sem fyrstu vikur ársins fóru vel af stað en markaðurinn tók svo dýfu líkt og alþjóðlegir fjármálamarkaðir í byrjun apríl þegar forseti Bandaríkjanna tilkynnti um tolla á flestar viðskiptabjóðir. Markaðir tóku fljótlega við sér og það sama átti að einhverju marki við um innlenda hlutabréfamarkaðinn, þar sem krafturinn í viðsnúningnum var þó nokkuð minni. Helstu ástæður þess voru þrálát verðbólga sem hafði í för með sér að Seðlabankinn gerði hlé á vaxtalækkunarferli sínu og auk þess ollu neikvæðar fréttir af Alvotech hf. undir lok október verulegu verðfalli á félaginu. Það var hins vegar jákvætt fyrir hlutabréfamarkaðinn hversu vel gekk að selja hlut Íslenska ríkisins í Íslandsbanka hf., þar sem almennir sparifjäreigendur keyptu nær allt útboðið. Markaðurinn tók svo aftur við sér í byrjun nóvember og Úrvalsvísitalan endaði því árið rétt fyrir ofan núllið. IS Úrvalsvísitölusjóður skilaði 0,2% ávöxtun en hlutabréfasjóðir í virkri stýringu skiluðu hins vegar allir töluvert neikvæðri ávöxtun á árinu 2025.

Íslandssjóðir hf. reka fjölbreytt úrval blandaðra sjóða þar sem sparifjäreigendum gefst kostur á að velja á milli ólíkra fjárfestingarstefna með tilliti til væntrar ávöxtunar og áhættu. Árið 2025 einkenndist af miklum breytileika í ávöxtun milli eignaflokka. Innlend skuldabréf skiluðu flottri ávöxtun á sama tíma og innlend hlutabréf áttu erfitt uppdráttar. Erlendir hlutabréfamarkaðir voru á heildina lítið mjög sterkir og hækkuðu vel yfir sínum meðaltalsárum. Ávöxtun á erlendum bréfum skilaði þó talsvert minna í krónum talið vegna talsverðrar styrkingar ISK á móti USD. Blandaðir sjóðir skiluðu því mjög breytilegri ávöxtun til fjárfesta. Í erlendu hlutabréfunum voru bandarísk hlutafélög í aðalhlutverki eins og oft áður þó að veiking USD gagnvart EUR hafi haft sitt að segja. Nýmarkaðir skiluðu svo sinni bestu ávöxtun í mörg ár sem má að hluta til rekja til veikingar USD. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra innlendra skuldabréfa lækkaði aðeins á árinu en há ávöxtunarkrafa í byrjun árs skilaði sér því vel í ávöxtun til fjárfesta. Annað árið í röð skiluðu innlend skuldabréf jákvæðri raunávöxtun og vel yfir vöxtum á innlánsreikningum. Blandaðir sjóðir Íslandssjóða hf. skiluðu ágætri niðurstöðu miðað við samkeppnissjóði en tveir sjóðir (Einkasafn D og Einkasafn E) gáfu neikvæða ávöxtun vegna lækkunar á innlendum hlutabréfum. Einkasafn Erlent gaf hæsta ávöxtun í USD en sé horft á ávöxtun í íslenskum krónum skilaði Einkasafn A hæstri ávöxtun eða 8,2%.

Sérhæfðar fjárfestingar í stýringu og rekstri Íslandssjóða hf. samanstanda af sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í skráðum og óskráðum hlutabréfum, lánasamningum, fasteignaverkefnum og öðrum eignaflokkum sem henta fagfjárfestum. Helst ber þar að nefna sérhæfðu sjóðina Alpha hlutabréf hs., IS Haf fjárfestingar slhf., Akur fjárfestingar slhf., IS Fyrirtækjalánasjóði, IS Kredit SPV 21 hs. og 105 Miðborg slhf.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Vandaðir stjórnarhættir, gagnsæi í vinnubrögðum og traust viðskiptavina er kappsmál stjórnar og starfsfólks Íslandssjóða hf. Starfsemin lýtur stefnum, reglum og ferlum sem ætlað er að tryggja sem best hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa og annarra fjárfesta. Nánari upplýsingar um stjórnarhætti má finna í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins á bls. 21 í ársreikningnum.

Áhættustýring Íslandssjóða hf. er margþætt en meginmarkmið hennar er að fylgjast með áhættu í rekstri félagsins sjálfs og þeirra sjóða og eignasafna sem eru í stýringu þess. Stjórn hefur mótað og samþykkt áhættustefnu fyrir félagið og sjóði í rekstri þess þar sem m.a. er fjallað um helstu áhættuþætti í starfsemi félagsins og framkvæmd áhættustýringar. Daglegt eftirlit er með eignum sjóða og að þeir séu innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga. Útreikningur á áhættu- og árangursmælikvörðum er veigamikill þáttur í áhættustýringu og eftirliti. Áhættustýring Íslandssjóða hf.

Skýrsla stjórnar

sér um skýrslugerð og reglulega upplýsingagjöf til starfsmanna, stjórnenda, stjórnar og eftirlitsaðila. Árlega er framkvæmt mat á helstu áhættuþáttum í rekstri félagsins og ytra umhverfi.

Upplýsingagjöf er mikilvægur þáttur í starfsemi Íslandssjóða hf. Á vefsíðu félagsins, www.islandssjodir.is, má meðal annars finna ítarlegar upplýsingar um Íslandssjóði hf., ársskýrslur, útdrátt úr stefnu varðandi hagsmunaárekstra, stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, áætlun um nýtingu atkvæðisréttar, stefnu um ábyrgar fjárfestingar, siða- og háttarnisreglur, starfsreglur stjórnar og samþykktir félagsins. Auk þess má finna á vefsíðu félagsins ávöxtunartölur, lykilupplýsingaskjöl, upplýsingablöð, reglur og útboðslýsingar verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta í rekstri félagsins. Íslandssjóðir hf. er í samstarfi við Kelduna sem birtir upplýsingar um verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og ávöxtun þeirra.

Kópavogi, 23. febrúar 2026

Í stjórn:

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, formaður

Sigurður B. Stefánsson

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Framkvæmdastjóri:

Kjartan Smári Höskuldsson

Ársreikningur Íslandssjóða hf. fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af stjórn.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandssjóða hf. og eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum Íslandssjóða hf. fyrir almenna fjárfesta.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslandssjóða hf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti sem er rekstrarfélagið og B-hluti sem innifelur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum og hefur að geyma:

Ársreikning A hluta, rekstrarfélagið, sem innifelur:

- Skýrslu stjórnar
- Rekstrarreikning
- Efnahagsreikning
- Yfirlit um sjóðstreymi og
- Skýringar við ársreikning A-hluta

Ársreikning B-hluta, verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta, sem innifelur:

- Skýrslu stjórnar
- Rekstrarreikning
- Efnahagsreikning
- Yfirlit um sjóðstreymi og
- Skýringar fyrir verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta rekstrarfélagsins

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu rekstrarfélags Íslandssjóða og sjóðanna 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi Íslandssjóða hf. og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórna og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Kópavogur 23. febrúar 2026

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Rekstrarreikningur 2025

Rekstrartekjur	Skýr.	2025	2024
Umsýslupóknun	2	1.986	1.877
Fjármunatekjur	2	11	16
Gangvirðisbreyting verðbréfa	2	(53)	177
Aðrar rekstrartekjur		23	20
Rekstrartekjur samtals		1.967	2.090
Fjármagnsgjöld		0	0
Hreinar rekstrartekjur samtals		1.967	2.090
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	820	739
Þjónustugjöld til Íslandsbanka hf.	4	755	732
Annar rekstrarkostnaður		64	71
Rekstrargjöld samtals		1.639	1.542
Hagnaður fyrir tekjuskatt		328	548
Tekjuskattur	5	(66)	(115)
Hagnaður ársins		262	433

Efnahagsreikningur 31. desember

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,6	1.664	1.756
Fjárfestingar samtals		1.664	1.756
Kröfur			
Kröfur á tengda aðila	7	220	302
Aðrar kröfur		6	6
Kröfur samtals		226	308
Aðrar eignir			
Tekjuskattsinneign	12	2	0
Bankainnstæður	7	168	134
Aðrar eignir samtals		170	134
Eignir samtals		2.060	2.198
Eigið fé			
Hlutafé		25	25
Lögbundinn varasjóður		6	6
Gangvirðisreikningur fjármálagerninga		430	556
Kaupréttarsamningar		3	0
Óráðstafað eigið fé		1.280	1.324
Eigið fé samtals	9, 10	1.744	1.911
Skuldir			
Skuldir við tengda aðila	7	18	19
Reiknaðir skattar	2,12	68	115
Aðrar skuldir	8	230	153
Skuldir samtals		316	287
Eigið fé og skuldir samtals		2.060	2.198

Yfirlit um sjóðsstreymi 2025

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2025	2024
Hagnaður ársins		262	433
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gangvirðisbreyting verðbréfa		53	(177)
Breytingar á tekjuskattskuldbindingu		2	0
Veltufé frá rekstri		317	256
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		108	56
Handbært fé frá rekstri		425	312
Fjárfestingarhreyfingar			
Keypt verðbréf		(310)	(332)
Seld verðbréf		352	557
Fjárfestingarhreyfingar		42	225
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	9	(433)	(514)
Breyting handbærs fjár		34	23
Handbært fé í byrjun árs		134	111
Handbært fé í lok árs		168	134

Innborgaðar vaxtatekjur 2025 námu 11 milljónum króna (árið 2024: 16 milljónir króna) og greiddir vextir námu 0 milljónum króna (árið 2024: 0 milljónir króna).

1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Ársreikningur Íslandssjóða skiptist í A-hluta og B-hluta. A-hlutinn fjallar um rekstur félagsins sjálfs en B-hlutinn fjallar um sjóði í rekstri Íslandssjóða. Verðbréfa- og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta tilheyra B-hluta og hafa heimild til að gefa út hlutdeildarskírteini gegn viðtöku fjár frá almenningi, til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum eftir ákveðinni fjárfestingarstefnu. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag í eigu Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, Kópavogi. Aðsetur Íslandssjóða er að Hagasmára 3, Kópavogi og kennitala félagsins er 690694-2719.

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Íslandssjóða hf. inniheldur A-hluta og B-hluta. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almennra fjárfesta. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. og er ársreikningur félagsins hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins. Vegna eðlis starfsemi sjóðanna er ársreikningur þeirra ekki hluti af ársreikningi bankans.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins:

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Umsýslupóknanir

Félagið fær umsýslupóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða til almennra fjárfesta auk annarra sérhæfðra sjóða Íslandssjóða. Póknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Þá hefur félagið tekið að sér eignastýringu á sérgreindum eignasöfnum og fær greidda póknun fyrir þá þjónustu. Að auki fær félagið árangurstengda póknun fari árangur ákveðinna sjóða umfram skilgreind viðmið.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Umsýslupóknarir verðbréfasjóða eru sem hér segir:

	Almenn kjör Flokkur A	Sérkjör Flokkur B
IS Veltusafn	0,40%	-
IS Ríkisskuldabréf stutt	0,70%	-
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	0,90%	-
IS Ríkisskuldabréf löng	0,90%	-
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	0,40%	-
IS Heimssafn	1,50%	-
IS Eignasafn	0,50%	-
IS Eignasafn - Ríki og sjóðir	0,50%	-

Umsýslupóknarir sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta eru sem hér segir:

	Almenn kjör Flokkur A	Sérkjör Flokkur B
IS Lausafjarsafn	0,35%	-
IS Skuldabréfasafn	1,00%	-
IS Ríkisskuldabréf óverðtryggð	0,90%	-
IS Sértryggð skuldabréf	0,90%	-
IS Sértryggð skuldabréf VTR	0,90%	-
IS Græn skuldabréf	1,00%	-
IS Vaxtastefna	1,00%	-
IS Hlutabréfasjóðurinn	1,70%	-
IS EQUUS Hlutabréf	1,85%	-
IS Einkasafn A	0,65%	0,30%
IS Einkasafn B	1,25%	0,60%
IS Einkasafn C	1,25%	0,60%
IS Einkasafn D	1,25%	0,60%
IS Einkasafn E	1,25%	0,60%
IS Einkasafn Erlent	1,25%	0,60%

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Lokagengi	
	2025	2024	31.12.2025	31.12.2024
Bandaríkjadalur (USD)	128,37	137,93	125,20	138,20
Sterlingspund (GBP)	168,90	176,40	168,96	173,30
Norsk króna (NOK)	12,35	12,85	12,45	12,21
Evra (EUR)	144,65	149,31	147,20	143,90

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjármunatekjur

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, verðbótum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning miðað við áfallna og greidda vexti og verðbætur. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu hjá viðkomandi félagi liggur fyrir.

Gangvirðisbreyting verðbréfa

Gangvirðisbreyting verðbréfa samanstendur af gangvirðisbreytingum verðbréfa og myntgengismun. Gangvirðisbreyting verðbréfa sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og viðskiptakostnaði vegna verðbréfakaupa. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við áfallna og greidda vexti og viðskiptakostnað.

Skattamál rekstrarfélagsins

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20% fyrir árið 2025 en var 21% árið 2024.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Skattamál verðbréfa- og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta

Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildir í árslok 2025.

Handbært fé

Handbært fé er óbundnar bankainnstæður.

3. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun	631	571
Kostnaður við kaupréttaráætlun	3	0
Mótframlag í lífeyrissjóð	88	84
Tryggingargjald og fjársýsluskattur	82	78
Önnur gjöld	16	6
	820	739
Starfsmenn í árslok	23	23
Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu	22,6	22,3

Undir laun og launatengd gjöld falla laun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og annarra nefnda á vegum félagsins. Fjársýsluskattur reiknaður á laun er 5,5%.

Kostnaður vegna kaupréttaráætlunar sem gjaldfærður var árið 2025 nam 3 milljónum króna. Íslandssjóðir áætla að kostnaður vegna kaupréttaráætlunar fram til ágúst 2030 muni nema um 14 milljónum króna.

Kaupaukakerfi var innleitt hjá félaginu snemma árs 2026 fyrir þá starfsmenn sem íslensk lög heimila, en starfsmönnum áhættustýringar er óheimilt að taka þátt í kaupaukakerfum. Á árunum 2024 og 2025 voru engin árangurstengd laun greidd og engin ógreidd árangurstengd laun voru í árslok 2025.

Launakjör stjórnenda Íslandssjóða hf. sundurliðast þannig:

Lykilstjórnendur:

	2025	2024
Kjartan Smári Höskuldsson framkvæmdastjóri	55,1	47,5
	55,1	47,5

Stjórn Íslandssjóða:

Sylvía Kristín Ólafsdóttir	7,7	7,5
Kristján Björgvinsson	4,1	4,0
Sigurður B. Stefánsson	4,1	3,9
Jensína Kristín Böðvarsdóttir	3,9	3,8
Hólmfríður Einarsdóttir varamaður	0,1	0,1
Steinunn Bjarnadóttir varamaður	0,1	0,1
	20,0	19,4

4. Þjónustugjöld

Íslandssjóðir hafa gert þjónustusamninga við Íslandsbanka þar sem bankinn tekur meðal annars að sér ráðgjöf, þjónustu og markaðssetningu hlutdeildarskírteina, regluvörslu og innri endurskoðun, auk þess að sjá um bókhald, dagleg gengisuppgjör og skýrslugerð. Íslandsbanki tekur jafnframt að sér vörslu eigna sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum. Samtals greiddu Íslandssjóðir Íslandsbanka 755 milljónir króna fyrir þjónustu á árinu 2025 en greiddu 732 milljónir króna fyrir árið 2024.

5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstri 66 milljónum króna. Tekjuskattur er reiknaður samkvæmt gildandi skattalögum. Tekjuskattshlutfall lögaðila er 20% árið 2025 en var 21% árið 2024.

	2025		2024	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	328		548	
Reiknaður tekjuskattur í rekstri	66	20%	115	21%
	66		115	

6. Verðbréf

Verðbréf með breytilegum tekjum eru óskráð og greinast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Hlutdeildarskírteini útgefin af sjóðum reknum af Íslandssjóðum hf.	1.664	1.756
	1.664	1.756

7. Viðskipti rekstrarfélags Íslandssjóða hf. og sjóða við tengda aðila árið 2025

Tengdir aðilar Íslandssjóða hf. eru móðurfélagið, Íslandsbanki hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum bankans, sjóðir í rekstri Íslandssjóða hf., stjórn og lykilstjórnendur Íslandssjóða hf. og aðilar þeim tengdir. Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu 2025. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli samninga. Íslandssjóðir sinna eignastýringaþjónustu fyrir Íslandsbanka á grundvelli útivistunarsamnings.

	Tekjur	Gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandsbanki hf.	222	755	200	18
Verðbréfasjóðir Íslandssjóða hf.	451	0	40	0
Sérhæfðir sjóðir Íslandssjóða hf.	1.050	0	89	0
Aðrir sérhæfðir sjóðir Íslandssjóða hf.	290	0	59	0
	2.013	755	388	18

Sundurliðun viðskipta við Íslandsbanka

	Tekjur	Gjöld	Kröfur	Skuldir
Fjármunatekjur	11			
Tekjur vegna þjónustusamnings	211			
Þjónustugjöld til Íslandsbanka		755		
Aðrar kröfur			32	
Bankainnstæður			168	
Ógreiddur kostnaður				18
	222	755	200	18

Viðskipti verðbréfasjóða við tengda aðila árið 2025

	Tekjur	Gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandssjóðir hf.	0	451	0	40
Íslandsbanki hf.	220	45	4.224	135
	220	496	4.224	175

Viðskipti sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta við tengda aðila árið 2025

	Tekjur	Gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandssjóðir hf.	0	1.050	0	89
Íslandsbanki hf.	916	422	29.986	156
	916	1.472	29.986	245

Skýringar

8. Aðrar skuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Ógreiddur kostnaður og þóknanir	41	23
Handhafabréfsreikningar	6	6
Ógreidd laun og launatengd gjöld	183	124
	230	153

9. Eigið fé

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Kaupréttar- samningar	Gangvirðis- reikn. fjár- málagerð.	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtsals
Eigið fé 1.1.2024	25	6	0	453	1.508	1.993
Greiddur arður 2024					(514)	(514)
Gangvirðisreikningur fjármálagerðinga			0	103	(103)	0
Hagnaður ársins					433	433
Eigið fé 31.12.2024	25	6	0	556	1.324	1.911
Greiddur arður 2025					(433)	(433)
Gangvirðisreikningur fjármálagerðinga				(126)	126	0
Kaupréttarsamningar			3			3
Hagnaður ársins					262	262
Eigið fé 31.12.2025	25	6	3	430	1.280	1.744

10. Eiginfjárlutfall

Íslandssjóðir hf. nota staðalaðferð (e. standardised approach) til að reikna eiginfjárpörf sína vegna útlánaáhhættu og markaðsáhhættu. Eigið fé í lok tímabilsins er 1.744 milljónir króna eða 84,7% af niðurstöðu efnahagsreikningsins. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 34,1%, en lágmarkseiginfjárlutfall er 8,0% samkvæmt lögum. Hlutfallið sundurliðast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Eiginfjárgrunnur	1.744	1.911
Heildar eiginfjárkrafa greinist þannig:		
Útlánaáhhætta	110	131
Markaðsáhhætta	14	13
Rekstraráhhætta	0	0
Eiginfjárkrafa samtals	124	144
Eiginfjárkrafa miðað við fastan rekstrarkostnað	410	385
Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall	34,1%	39,7%

Samkvæmt 84. grein laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar 25% af föstum rekstrarkostnaði síðastliðins árs. Eiginfjárgrunnur Íslandssjóða hf. var í lok tímabils 106,4% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

Útlánaáhhætta: Eiginfjárkrafa vegna útlánaáhhættu reiknast af fjáreignum félagsins í lok árs.

Markaðsáhhætta: Gjalddeyrisáhhætta reiknast af handbæru fé, viðskiptakröfum, viðskiptaskuldum í erlendum gjaldmiðlum og verðbréfasjóðum í erlendri mynt.

Rekstraráhhætta: Samkvæmt 2. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhhættu við útreikning á eiginfjárgrunni. Félagið fylgist vel með rekstraráhhættu félagsins.

Samkvæmt 6.mgr. 15.gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er gerð krafa um að rekstraraðili skuli annaðhvort hafa til staðar eiginfjárgrunnsálag eða starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar rekstraraðila. Þetta eiginfjárgrunnsálag skal vera að minnsta kosti jafngilt 0,01% af virði eignasafna sérhæfðra sjóða sem þeir stýra. Virði eignasafns sérhæfðra sjóða er í árslok 2025 198 milljarðar króna og því er aukaeiginfjárgrunnsálag 19,8 m.kr.

11. Arðsemi eigna

Arðsemi eigna á árinu er 12,3% en var 19,3% fyrir árið 2024. Með arðsemi eigna er átt við hagnað félagsins eftir skatta sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna rekstarfélagsins samkvæmt efnahagsreikningi.

12. Tekjuskattsinneign/tekjuskattskuldbinding

Frestaður tekjuskattur er reiknaður miðað við þá skattprósentu sem í gildi er á reikningsskiladegi. Gildandi skattprósentu var lækkuð aftur úr 21% í 20% af skattskyldri afkomu ársins 2025.

	Skuldbinding
Staða 1.1.2024	0
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2024	115
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025	(115)
Staða 1.1.2025	0
Reiknaður tekjuskattur vegna 2025	66
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2026	(63)
Staða 31.12.2025	2

Tekjuskattsinneign greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2025	31.12.2024
Gengismunur	2	0
	2	0

13. Þóknun til endurskoðenda

	2025	2024
Endurskoðun ársreiknings Íslandssjóða hf.	10	15
Innheimt hlutdeild sjóða í endurskoðun ársreiknings	(5)	(8)
Könnun árshlutareiknings Íslandssjóða hf.	5	11
Innheimt hlutdeild sjóða í könnun árshlutareiknings	(4)	(7)
	6	11

14. Eignastýring

Eignir í eignastýringu hjá Íslandssjóðum hf., samkvæmt eignastýringarsamningum, námu samtals 133,2 milljörðum króna í árslok 2025 en voru 123,7 milljarðar í árslok 2024.

15. Starfsemi og helstu breytingar

Starfsemi verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta í rekstri Íslandssjóða var með hefðbundnum hætti á árinu.

16. Málaferli vegna 105 Miðborgar slhf.

105 Miðborg slhf. er sérhæfður sjóður í rekstri Íslandssjóða en reikningsskil sjóðsins eru ekki hluti af reikningsskilum þessum. Í desember 2017 gerðu 105 Miðborg sem verkkaupi og Íslenskir aðalverktakar hf. (ÍAV) stýriverktakasamning um uppbyggingu þriggja bygginga á Kirkjusandi. Í febrúar 2021 rifti 105 Miðborg stýriverktakasamningnum vegna meintra vanefnda á samningnum. Í maí 2021 birti ÍAV stefnu á hendur 105 Miðborg og Íslandssjóðum, rekstraraðila sjóðsins, og fór fram á greiðslu á 3,8 milljörðum króna. Íslandssjóðir hafa mótmælt harðlega aðild sinni að málinu og hafa farið fram á sýknu vegna aðildarskorts. Í júní 2021 gagnstefndi 105 Miðborg ÍAV og fór fram á greiðslu 3,9 milljarða króna. Málið er til meðferðar hjá dómstólum og eru dómkvaddir matsmenn að störfum. Stjórnendur Íslandssjóða telja málshöfðun ÍAV á hendur félaginu fráleita og að hverfandi líkur séu á að málhöfðunin muni leiða til greiðsluskyldu af hálfu félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Stjórnarhættir Íslandssjóða hf. 2025

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Íslandssjóða hf. er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland með það að markmiði að styrkja innviði Íslandssjóða og auka gagnsæi. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á vefsíðunni www.leidbeiningar.is.

Stjórnarháttayfirlýsing Íslandssjóða er hluti af ársreikningi félagsins og er einnig aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.islandssjodir.is.

Íslandssjóðir hafa hlotið viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ árlega frá árinu 2013. Viðurkenningin er veitt af Stjórnvísí. Íslandssjóðir hlutu viðurkenninguna að undangenginni ítarlegri úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG sem framkvæmd var árið 2013, 2017, 2020 og 2024 vegna endurnýjunar á viðurkenningunni. Viðurkenningin gildir í þrjú ár í senn nema verulegar breytingar verði á stjórn eða eignarhaldi fyrirtækis.

Lög og reglur

Íslandssjóðir eru með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf og gilda lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 við framkvæmd þeirra verkefna. Félagið er hlutafélag og gilda jafnframt um starfsemi þess ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995. Lögin má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is.

Um félagið

Íslandssjóðir eru fjármálastofnun sem sérhæfir sig á sviði sjóðastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða. Auk þess starfar félagið á sviði eignastýringar og er með starfsleyfi fyrir fjárfestingarráðgjöf. Hlutverk Íslandssjóða er að stýra eignum á faglegan hátt þar sem hagsmunir viðskiptavina eru ávallt í fyrirrúmi. Félagið var stofnað árið 1994 og nefndist þá Rekstrarfélag VÍB hf.

Íslandssjóðir hafa gert útivistunarsamninga við Íslandsbanka hf. þar sem Íslandsbanki tekur að sér ákveðin verkefni fyrir Íslandssjóði á grundvelli 22. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og 29. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Íslandsbanki tekur m.a. að sér að hafa milligöngu um sölu og innlaun hlutdeildarskírteina, ráðgjöf og aðra þjónustu við eigendur hlutdeildarskírteina. Fjármálasvið Íslandsbanka annast bókhald sjóða, útreikning á innlausnarvirði og utanumhald skráa yfir eigendur hlutdeildarskírteina. Íslandsbanki er jafnframt vörsluaðili eigna sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum í samræmi við skyldur vörsluaðila samkvæmt lögum. Þá hefur félagið gert samninga við Íslandsbanka um útvistun regluvörslu og innri endurskoðunar.

Starfsmenn félagsins voru 23 í árslok 2025.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Um boðun hluthafafunda og tilskilin fundargögn og upplýsingar fyrir hluthafafundi gilda samþykktir félagsins. Samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja skal birta upplýsingar um dagsetningu og tíma hluthafafunda, aðila í framboði til stjórnar, dagskrá og framlögð fundargögn á vefsíðu félagsins fyrir hluthafafund. Í ljósi þess að félagið er í eigu eins aðila, Íslandsbanka hf., hefur ekki þótt tilefni til að birta umræddar upplýsingar á vefsíðunni fyrir fundina en þær eru sendar hluthafanum innan lögboðins tímaramma. Afrit af fundargerðum og dagskrá aðalfunda eru birtar á heimasíðu Íslandssjóða. Á skrifstofu félagsins að Hagasmára 3, 201 Kópavogi er haldin skrá yfir hluthafa þess og er hún aðgengileg hluthöfum.

Stjórn Íslandssjóða

Stefna Íslandssjóða er að meirihluti stjórnarmanna séu óháðir en á starfsárinu 2025 voru allir stjórnarmenn óháðir félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum, sem ráða yfir a.m.k. 10% af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í félaginu, einir sér eða í samstarfi við nátengda aðila. Stjórn Íslandssjóða starfar eftir starfsreglum sem settar eru á grundvelli laga um hlutafélög og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn Íslandssjóða samanstendur af fjórum aðalmönnum og tveimur varamönnum og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Kynjahlutfall er jafnt í stjórn félagsins.

Stjórn félagsins ber meginábyrgð á rekstri þess og fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast.

Á starfsárinu 2025 voru haldnir 13 formlegir stjórnarfundir, þar af voru tveir haldnir með rafrænum miðlum. Allir fundir voru ákvörðunarbærir og ekki voru boðuð forföll af hálfu stjórnarmanns á neinum fundi.

Helstu hlutverk stjórnar

- Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.
- Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
- Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans.
- Að taka ákvörðun um afskriftir eigna félagsins.
- Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun hagnaðar/taps samkvæmt ársreikningi félagsins.
- Að veita prókúruumboð fyrir félagið.
- Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ.á.m. að halda hlutaskrá.
- Fjalla um stofnun, slit og sameiningu sjóða í rekstri félagsins.
- Meta árlega störf sín, verklag og starfshætti auk þess að meta störf framkvæmdastjóra félagsins og störf undirnefnda.
- Að samþykkja áhættustefnu og áhættuvilja félagsins.

Stjórnarmenn skulu jafnframt þekkja þau lög og reglur sem um starfsemi félagsins gilda og þurfa að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig. Auk þess þurfa þeir að hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins, tryggja að til staðar sé innra eftirlit, að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt og að lögum og reglum sé fylgt í rekstrinum. Einnig að sjá um að skipulag félagsins sé jafnan í góðu horfi og að hagsmunum allra hluthafa sé ávallt gætt. Stjórnarmenn þurfa að haga störfum sínum í samræmi við góða stjórnarhætti, sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnar af Viðskiptaráði, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórnarmenn Íslandssjóða

